

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt á l. nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurgeir Þorgeirsson ráðuneytisstjóra og Ólaf Friðriksson skrifstofustjóra frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, Ernu Bjarnadóttur og Eirík Blöndal frá Bændasamtökum Íslands, Sigurð Eyþórsson og Sigurgeir Sindra Sigurgeirsson frá Landssambandi sauðfjárbænda og Baldur Helga Benjamínsson og Sigurð Loftsson frá Landssambandi kúabænda.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Það er samið að tilhlutan sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og í samráði við Bændasamtök Íslands. Tilgangur frumvarpsins er að lögfesta nauðsynlegar breytingar á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum vegna breytinga á samningum um starfsskilyrði sauðfjárræktar og mjólkurframleiðslu. Í frumvarpinu eru einnig lagðar til minni háttar breytingar á heimild til greiðslu álags vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt til hagsbóta fyrir kaupendur fjárskiptafjár.

Breytingar á búvörusamningum um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu og sauðfjárræktar voru undirritaðar 18. apríl sl. og fela þær breytingar í meginráttum í sér samningsbundna eftirgjöf af hálfu kúa- og sauðfjárbænda af fullum fjárframlögum í tvö til þrjú ár vegna þeirrar alvarlegu stöðu sem uppi er í ríkisbúskapnum. Á móti fá þeir tryggingu fyrir framlengingu samningstímabilsins um tvö ár, sem væntanlega leiðir til aukins rekstraröryggis.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Björn Valur Gíslason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 11. júní 2009.

Ólína Þorvarðardóttir,
varaform., frsm.

Sigurður Ingi Jóhannsson. Arndís Soffía Sigurðardóttir.

Róbert Marshall.

Álfheiður Ingadóttir.

Helgi Hjörvar.